

**IS**

**IS**

**IS**



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...  
C

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...**

**frá [...]**

**um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja**

**(Texti sem varðar EES)**

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...**

**frá [...]**

**um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGSINS,

Með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, sérstaklega grein 100(2) í honum,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og leiðtogaáráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EBE, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB<sup>1</sup> (hér eftir nefnd „grunnreglugerðin“), þá sérstaklega grein 5(5) hennar,

Þar sem:

- (1) Þegar reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var skipt út fyrir reglugerð (EB) nr. 216/2008, var grein 5, sem fæst við lofthæfi, útvíkkuð þannig að hún tæki til þátta í rekstrarhæfismati í útfærslureglunum fyrir tegundaskírteini.
- (2) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir kölluð 'stofnunin') hefur þótt nauðsynlegt að leggja til breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 til að gera stofnuninni kleift að samþykkja rekstrarhæfisögn sem hluta af tegundaskírteinaferlinu.
- (3) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitinu sem stofnunin gaf út<sup>2</sup> í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (4) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð eru í samræmi við álit<sup>3</sup> nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem var komið á fót með grein 65(3) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ætti því að breyta til samræmis.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

*Grein 1*

Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í grein 1(2), er eftirfarandi atriði (i) bætt við:

---

<sup>1</sup> Stjórnartíðindi EB L 79, 19.03.2008, bls. 1.

<sup>2</sup> Álit 06/2008.

<sup>3</sup> (Á eftir að gefa út).

'(i) 'Flugrekandi í Evrópusambandinu' þýðir flugrekandi sem hefur höfuðstöðvar sínar í aðildarríki.'

2. Eftirfarandi grein 2f er bætt við:

*“Grein 2f*

**Rekstrarhæfisgögn**

1. Handhafi tegundavottorðs fyrir loftfar, sem gefið var út áður en þessi reglugerð tók gildi, er hyggst afhenda nýtt loftfar til flugrekanda í Evrópusambandinu á eða eftir dagsetningu gildistöku þessarar reglugerðar skal fá samþykki í samræmi við lið 21A.21(e), nema hvað varðar lágmarksnámsskrá fyrir tegundaáritunarþjálfun viðhaldsvottunarstarfsfólks og fullgildingargögn loftfarsins til að styðja við hlutlægt hæfi hermísis/hermanna. Samþykkið skal fá innan tveggja ára eftir að þessi reglugerð tekur gildi, eða áður en flugrekandi í Evrópusambandinu hefur rekstur á loftfarinu, hvor dagsetningin sem er síðar. Hægt er að takmarka rekstrarhæfisgögnin við tegundina sem á að afhenda.

2. Umsækjandi um tegundavottorð fyrir loftfar, þar sem umsóknin var lögð fram áður en þessi reglugerð tók gildi og þar sem tegundavottorð er ekki útgefið áður en þessi reglugerð öðlast gildi, skal fá samþykki í samræmi við lið 21A.21(e), nema hvað varðar lágmarksnámsskrá fyrir tegundaáritunarþjálfun viðhaldsvottunarstarfsfólks og fullgildingargögn loftfarsins til að styðja við hlutlægt hæfi hermísis/hermanna. Samþykkið skal fá innan tveggja ára eftir að þessi reglugerð tekur gildi, eða áður en flugrekandi í Evrópusambandinu hefur rekstur á loftfarinu, hvor dagsetningin sem er síðar. Niðurstöður um fylgni af hálfu stjórnvalda í ferlum tengdum rekstrarmatshópnum, sem fara fram undir yfirumsjón Flugöryggissamtak Evrópu eða Flugöryggisstofnunar Evrópu, áður en þessi reglugerð gengur í gildi, skulu teknar gildar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu án frekari sannprófunar.

3. Skýrslur rekstrarmatshópsins, sem gefnar voru út í samræmi við ferli Flugöryggissamtaka Evrópu eða stofnunarinnar, áður en þessi reglugerð gekk í gildi, skulu teljast jafngilda rekstrarhæfisgögnum sem samþykkt eru í samræmi við lið 21A.21(e) og skulu þurfa að fylgja með í viðeigandi tegundavottorði. Gögnin skulu aðgreind í skyldugögn eða ráðlögð gögn í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir sem stofnunin gefur út.

4. Handhafar tegundavottorðs sem inniheldur rekstrarhæfisgögn skulu fá framlengingu á umfangi samþykkis frá hönnunarfyrirtæki, eða aðra ferla en samþykki frá hönnunarfyrirtæki, eins og við á, innan tveggja ára eftir gildistöku þessarar reglugerðar.'

3. Viðaukanum (lið-21) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*Grein 2*

**Gildistaka**

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Með undanþágu frá málsgrein 1, verða breytingarnar á undirliðum D og E í lið-21 ekki skylda fyrir umsækjendur um samþykki fyrir breytingum á tegundavottorði, sem og umsækjendur um viðbótartegundavottorð, fyrr en þremur árum eftir að þessi reglugerð tekur gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, XXXX.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*[...]*

*Forsetinn*

## VIÐAUKI

Viðauka (liður-21) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1702/2003 er breytt sem hér segir:

1. í atriði 21A.14(b), er atriði 4 skipt út fyrir eftirfarandi:
  - ‘4. hreyfill eða skrufutegund vottuð samkvæmt viðeigandi vottunarforskriftum fyrir vélflugur; eða’
2. í atriði 21A.15, er eftirfarandi atriði (d) bætt við:
  - (d) Með umsókn um tegundavottorð eða takmarkað tegundavottorð fyrir loftfar skal fylgja, eða koma sem viðbót eftir upphaflega umsókn þannig að sótt sé um leyfi fyrir rekstrarhæfisgögnum, sem samanstanda af, eins og við á:
    1. lágmarksnámsskrá fyrir tegundaáritunarþjálfun fyrir flugmenn, þar á meðal ákvörðun um tegundaáritun;
    2. ákvörðun á umfangi fullgildingargagna loftfarsins til að styðja við hlutlægt hæfi hermíns/hermanna er tengjast tegundaáritunarþjálfun flugmannsins, eða bráðabirgðagögn til að styðja við bráðabirgðahæfi þeirra;
    3. lágmarksnámsskrá fyrir tegundaáritunarþjálfun fyrir viðhaldsvottunarstarfsfólk, þar á meðal ákvörðun um tegundaáritun;
    4. ákvörðun um tegund eða gerð fyrir öryggis- og þjónustuliða og sérstök tegundagögn fyrir þjálfun öryggis- og þjónustuliða;
    5. grunnlistann yfir lágmarksbúnað; og
    6. aðra rekstrarhæfispætti sem eru tegundabundnir.’
3. atriði 21A.16 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **'21A.16A Vottunarforskriftir**

Stofnunin skal gefa út vottunarforskriftir í samræmi við grein 19 í grunnreglugerðinni, þar á meðal vottunarforskriftir fyrir rekstrarhæfisgögn, sem staðlaða aðferð til að sýna fram á fylgni framleiðslu, íhluta og tækja við viðeigandi grunnkröfur í viðaukum I, III og IV í grunnreglugerðinni. Slíkar forskriftir skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa umsækjendum til kynna hvaða skilyrði þarf að uppfylla fyrir útgáfu, breytingar eða viðbætur við leyfi.'

4. atriði 21A.16B er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **'21A.16B Sérstök skilyrði**

- (a) Stofnunin skal mæla fyrir um sérstakar og ítarlegar tæknilegar forskriftir, sem kallast sérstök skilyrði, fyrir framleiðslu ef tengdar vottunarforskriftir hafa ekki að geyma viðunandi eða hæfilega öryggisstaðla fyrir framleiðsluna, vegna þess að:
  1. Framleiðslan hefur nýja eða óvenjulega hönnunareiginleika tengda hönnunaraðferðinni sem viðeigandi vottunarforskrift er grundvölluð á; eða
  2. Ætluð notkun framleiðslunnar er óhefðbundin; eða
  3. Reynslan af annarri svipaðri framleiðslu, sem fyrir hendi er, eða framleiðslu með svipaða hönnunareiginleika, hefur leitt í ljós að aðstæður geta skapast, þar sem öryggi er ekki nægjanlegt.

- (b) Sérstöku skilyrðin innihalda öryggisstaðla sem stofnunin telur nauðsynlega til að tryggja jafngilt öryggisstig og í viðeigandi vottunarforskriftum.'

5. atriði 21A.17 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.17A Tegundarvottunargrunnur**

- (a) Tegundarvottunargrunnurinn sem liggur til grundvallar útgáfu tegundarvottorða og takmarkaðra tegundavottorða skal samanstanda af:
1. Viðeigandi vottunarforskriftum, viðurkenndum af stofnuninni, sem eru gildar á dagsetningu umsóknar fyrir viðeigandi vottorð nema:
    - (i) Annað sé tekið fram af stofnuninni; eða
    - (ii) Umsækjandi kjósi að höndla í samræmi við seinni tíma gildandi breytingar eða samkvæmt málsgreinum (c) og (d).
  2. Öllum sérstökum skilyrðum sem eru í samræmi við 21A.16B(a).
- (b) Umsókn um tegundarvottorð fyrir stórar flugvélar og stórar þyrilknúnar vélar skal gilda í fimm ár og umsókn fyrir allar aðrar tegundir tegundarvottorða skal gilda í þrjú ár, nema umsækjandi sýni fram á við umsókn að framleiðsla hans þarfnist lengri tíma fyrir hönnun, þróun og prófanir, og stofnunin samþykki lengri tíma.
- (c) Í þeim tilfellum þar sem ekki hefur verið gefið út tegundarvottorð, eða þar sem ljóst þykir að tegundarvottorð verður ekki gefið út á þeim tíma sem tilgreindur er í málsgrein (b), getur umsækjandi:
1. Lagt inn nýja umsókn fyrir tegundarvottorð og farið að öllum kröfum samkvæmt málsgrein (a) í samræmi við upprunalegu umsóknina; eða
  2. Sótt um framlengingu á upprunalegu umsókninni og farið að viðeigandi vottunarforskriftum sem áttu við á dagsetningu, valin af umsækjanda, þó ekki fyrr en dagsetningin sem er á undan dagsetningu útgáfu tegundarvottorðsins eða takmarkaða tegundarvottorðsins samkvæmt tímamörkum sem kveðið er á um í málsgrein (b) hinnar upprunalegu umsóknar.
- (d) Ef umsækjandi kys að fylgja eftir breytingu á vottunarforskriftunum sem taka gildi eftir að umsóknin um tegundarvottorð hefur verið lögð inn, skal umsækjandi einnig fylgja eftir öllum öðrum breytingum sem stofnunin telur að hafi beina tengingu.'

6. eftirfarandi atriði 21A.17B er bætt við:

**'21A.17B Vottunargrunnur rekstrarhæfisgagna**

- (a) Stofnunin skal tilkynna umsækjanda um vottunargrunn rekstrarhæfisgagna. Hann skal samanstanda af:
1. Viðeigandi vottunarforskriftum fyrir rekstrarhæfisgögn, sem gefnar eru út í samræmi við 21A.16A og eru í gildi á umsóknardegi umsóknar eða viðbótarumsóknar, nema:
    - (i) Stofnunin samþykki aðrar aðferðir til að sýna fylgni við viðeigandi grunnkröfur í viðaukum I, III og IV í grunnreglugerðinni; eða
    - (ii) Umsækjandi kjósi að sýna fylgni við breytingar sem taka gildi síðar.
  2. Öllum sérstökum skilyrðum sem eru í samræmi við 21A.16B(a).

- (b) Ef umsækjandi kýs að fylgja eftir breytingu á vottunarforskriftunum sem taka gildi eftir að umsóknin um tegundavottorð hefur verið lögð inn, skal umsækjandi einnig fylgja eftir öllum öðrum breytingum sem stofnunin telur að hafi beina tengingu.'

7. atriði 21A.20 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.20 Fylgni við tegundavottorðsgrunninn, vottunargrunn rekstrarhæfisgagna og umhverfisverndarkröfur**

- (a) Umsækjandi um tegundavottorð eða takmarkað tegundavottorð skal sýna fylgni við viðeigandi tegundavottunargrunn, viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna og umhverfisverndarkröfur og skal sýna stofnuninni fram á hvernig slíkri fylgni hefur verið náð.
- (b) Umsækjandi skal lýsa yfir að hann hafi sýnt fylgni við alla viðeigandi tegundavottunargrunna, viðeigandi vottunargrunna rekstrarhæfisgagna og umhverfisverndarkröfur.
- (c) Þar sem umsækjandi er með viðeigandi hönnunarsamþykki stofnunar, skal yfirlýsing undirmálgreinar (b) samræmast ákvæðum undirliðar J.'

8. í atriði 21A.21, er atriðum (b) og (c)1. skipt út og atriðum (e) og (f) bætt við sem hér segir:

'(b) skilað inn yfirlýsingunni sem er vísað til í 21A.20(b);

(c) sýnt er fram á að:

1. Framleiðslan sem votta á sé í samræmi við viðeigandi tegundavottorðsgrunn og í samræmi við umhverfisverndunarkröfur sem eru settar fram í 21A.17A og 21A.18;
- (e) Hvað varðar tegundavottorð loftfars er sýnt fram á að rekstrarhæfisgögnin séu í samræmi við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna, sem útbúinn er í samræmi við 21A.17B.
  - (f) Með undanþágu frá atriði (e), má gefa út tegundavottorð fyrir loftfar áður en sýnt hefur verið fram á fylgni við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna. Í því tilviki skal gildi tegundavottorðsins bundið því að umsækjandi sýni fylgni við vottunargrunn rekstrarhæfisgagna áður en þjálfunarstofnun eða flugrekandi í Evrópusambandinu verða að nota þau gögn. Með undanþágu frá 21A.20 skal yfirlýsingin, sem vísað er til í atriði (b) tilgreina dagsetninguna þegar þarf að vera búíð að sýna fram á fylgni.

9. atriði 21A.23 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.23 Útgáfa takmarkaðs tegundavottorðs**

- (a) Fyrir loftfar sem ekki uppfyllir ákvæði 21A.21(c) skal umsækjandi eiga kost á að fá takmarkað tegundavottorð frá stofnuninni eftir:
  1. að sýnt hefur verið fram á fylgni við viðeigandi tegundavottunargrunn á vegum stofnunarinnar, sem tryggir viðunandi öryggi í tengslum við ætlaða notkun loftfarsins og fylgni við viðeigandi kröfur um umhverfisvernd;
  2. að hafa lýst greinilega yfir að hann sé tilbúinn að sýna fylgni við 21A.44;
  3. Hvað varðar takmarkað tegundavottorð loftfars sé sýnt fram á að rekstrarhæfisgögnin séu í samræmi við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna, sem útbúinn er í samræmi við 21A.17B.

(b) Með undanþágu frá atriði (a)(3) má umsækjandi gefa yfirlýsingu um að lýst verði yfir fylgni við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna eftir að útgáfudag takmarkaða tegundavottorðsins, en áður en þjálfunarstofnun eða flugrekandi í Evrópusambandinu verða að nota rekstrarhæfisgögnin.

(c) Vélin eða hreyfillinn í loftfarinu, eða bæði, skulu:

1. hafa fengið útgefið tegundarvottorð eða ákvarðað samkvæmt þessari reglugerð; eða
2. vera þannig að sýnt hafi verið fram á að samræmis sé gætt við vottunarforskriftirnar sem nauðsynlegar eru til að tryggja öruggt flug loftfarsins.'

10. í atriði 21A.31(a), er atriði 3 skipt út fyrir eftirfarandi:

'3. Samþykktur kafli í leiðbeiningum um lofthæfitakmarkanir vegna áframhaldandi lofthæfis, eins og það er skilgreint í viðeigandi vottunarforskriftum; og'

11. í atriði 21A.33, er atriði (a) skipt út fyrir eftirfarandi:

'(a) Umsækjandi skal sinna öllu eftirliti og prófunum, sem nauðsynleg eru til að sýna fylgni við viðeigandi tegundavottunargrunn, viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna og kröfur um umhverfisvernd.'

12. atriði 21A.41 er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **'21A.41 Tegundavottorð**

Tegundavottorðið og takmarkaða tegundavottorðið eru bæði talin innifela tegundahönnunina, rekstrartakmarkanir, gagnaeyðublað tegundavottorðs fyrir lofthæfi og losun, viðeigandi tegundavottunargrunn og kröfur um umhverfisvernd, sem stofnunin skrásetur fylgni við, sem og öll önnur skilyrði eða takmarkanir sem sagt er fyrir um fyrir framleiðsluna í viðeigandi vottunarforskriftum og kröfum um umhverfisvernd. Tegundavottorð loftfars og takmarkaða tegundavottorðið hafa bæði að geyma viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna, rekstrarhæfisgögn og gagneyðublað tegundavottorðs fyrir hávaða. Vélartegundarvottorðsgagnaskjalið inniheldur skrá um losunarsamræmi.'

13. í atriði 21A.44, er atriði (a) skipt út fyrir eftirfarandi:

(a) takast á hendur skuldbindingarnar sem lýst er í 21A.3, 21A.3B, 21A.4, 21A.55, 21A.57, 21A.61 og 21A.62; og skulu þess vegna halda áfram að uppfylla hæfiskröfur samkvæmt 21A.14; og

14. atriði 21A.55 er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **'21A.55 Skráning**

Allar viðeigandi hönnunarpplýsingar, teikningar og prófanaskýrslur, þar á meðal skoðunarskýrslur fyrir framleiðsluna sem er skoðuð, skulu vera í fórum handhafa tegundavottorðs eða takmarkaðs tegundavottorðs og aðgengileg fyrir stofnunina. Upplýsingunum skal haldið til að hægt sé að veita upplýsingar sem eiga að tryggja áframhaldandi lofthæfi, áframhaldandi rekstrarhæfi og fylgni við viðeigandi umhverfisverndarkröfur tengdar framleiðslunni.'

15. atriði 21A.57 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### '21A.57 Handbækur

Handhafi tegundavottorðs eða takmarkaðs tegundavottorðs skal framleiða, viðhalda og uppfæra frumeintök af öllum handbókum sem krafist er í viðeigandi tegundavottunargrunni, viðeigandi vottunargrunni rekstrarhæfisgagna og vegna umhverfisverndarkrafna fyrir framleiðsluna, og afhenda stofnuninni afrit, ef beðið er um slíkt.

16. eftirfarandi atriði 21A.62 er bætt við:

### '21A.62 Aðgengi að rekstrarhæfisgögnum

Handhafi tegundavottorðs eða takmarkaðs tegundavottorðs skal hafa tiltæk:

- (a) að minnsta kosti eitt sett af rekstrarhæfisgögnum sem útbúin eru í samræmi við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna, fyrir alla þekktu flugrekendur loftfarsins í Evrópusambandinu, áður en þjálfunarstofnun eða flugrekandi í Evrópusambandinu þurfa að nota rekstrarhæfisgögnin; og
- (b) allar breytingar á rekstrarhæfisgögnum fyrir alla þekktu flugrekendur loftfarsins í Evrópusambandinu; og
- (c) ef beðið er um, viðeigandi gögn í (a) og (b) að ofan, fyrir:
  - 1. lögbært stjórnvald sem ber ábyrgð á að sannreyna fylgni við einn eða fleiri þætti í þessu setti af rekstrarhæfisgögnum; og
  - 2. sérhvern einstakling sem þarf að sýna fylgni við einn eða fleiri þætti í þessu setti af rekstrarhæfisgögnum.'

17. atriði 21A.90 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### '21A.90 Umfang

Þessi undirliður kveður á um ferlið fyrir samþykkt breytinga á tegundavottorðum og kveður á um réttindi og skyldur umsækjenda um, og handhafa þessara samþykktu. Í þessum undirlið fela tilvísanir í tegundarvottorð í sér tegundarvottorð sem og takmarkað tegundarvottorð.'

18. atriði 21A.91 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### '21A.91 Flokkun breytinga á tegundavottorði

Breytingar á tegundavottorði eru flokkaðar í meiriháttar og minniháttar breytingar. 'Minniháttar breyting' telst vera breyting sem hefur engin tiltakanleg áhrif á þyngd, jafnvægi, burðarstyrk, áreiðanleika, rekstrareiginleika, hávaða, eldsneytislosun, losun með útblæstri, **rekstrarhæfisgögn**, eða aðra eiginleika sem hafa áhrif á lofthæfi framleiðslunnar. Án skerðingar á 21A.19 teljast allar aðrar breytingar samkvæmt þessum undirlið vera 'meiriháttar breytingar'. Meiriháttar og minniháttar breytingar skulu vera samþykktar í samræmi við 21A.95 eða 21A.97, eins og við á, og skulu tilgreindar skilmerkilega.'

19. atriði 21A.92 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### '21A.92 Hæfi

- (a) Einungis handhafi tegundavottorðs getur sótt um samþykki fyrir meiriháttar breytingu á tegundavottorði samkvæmt þessum undirlið; allir aðrir umsækjendur um meiriháttar breytingar á tegundavottorði skulu sækja um samkvæmt undirlið E.

- (b) Sérhver einstaklingur eða lögaðili má sækja um samþykki fyrir minniháttar breytingu á tegundavottorði samkvæmt þessum undirlið.'

20. atriði 21A.93 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.93 Umsókn**

Umsókn um samþykki fyrir breytingu á tegundavottorði skal vera á því formi og með þeim hætti sem stofnunin mælir fyrir um og skal innihalda:

- (a) Lýsingu á breytingunni þar sem er tilgreint:
1. Allir hlutar tegundavottorðsins og samþykktra handbóka, sem breytingin hefur áhrif á; og
  2. Vottunarforskriftirnar og umhverfisverndarkröfurnar sem breytingin mun sýna fylgni við samkvæmt 21A.101.
- (b) Tilgreiningu á öllum endurrannsóknnum, sem nauðsynlegar eru til að sýna fylgni hinnar breyttu framleiðslu við viðeigandi vottunarforskriftir og umhverfisverndarkröfur.
- (c) Þegar breytingin hefur áhrif á rekstrarhæfisgögnin, skal umsóknin innihalda, eða henni fylgja sem viðbót eftir upphaflegu umsóknina, nauðsynlegar breytingar á rekstrarhæfisgögnunum.'

21. atriði 21A.95 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.95 Minniháttar breytingar**

Minniháttar breytingar á tegundavottorði skal flokka og samþykkja annað hvort:

- (a) Af hálfu stofnunarinnar; eða
- (b) Af hálfu viðeigandi og samþykktrar hönnunarstofnunar samkvæmt ferli, sem stofnunin hefur samþykkt.'

22. atriði 21A.97 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.97 Meiriháttar breytingar**

- (a) Umsækjandi um meiriháttar breytingar skal:
1. Senda stofnuninni gögn málinu til stuðnings sem og öll nauðsynleg lýsandi gögn sem fylgja eiga í tegundarhönnuninni;
  2. Sýna að hin breytta framleiðsla sýni fylgni við viðeigandi vottunarforskriftir, þar á meðal forskriftir fyrir rekstrarhæfisgögn, eins og við á, og umhverfisverndarkröfur, eins og lýst er í 21A.101;
  3. Lýsa því yfir að hann hafi sýnt fylgni við viðeigandi tegundavottunargrunn og vottunargrunn rekstrarhæfisgagnanna, eins og við á, og umhverfisverndarkröfur, og skal sýna stofnuninni á hvaða grunni slík yfirlýsing er byggð;
  4. Gera yfirlýsingu varðandi undirmálgrein (a)(3), samkvæmt ákvæðum undirliðs J, ef umsækjandi hefur viðeigandi hönnunarsamþykki stofnunar;
  5. Sýna fylgni við 21A.33 og, þar sem á við, 21A.35.
- (b) Samþykki fyrir meiriháttar breytingum á tegundavottorði er bundið þeirri eða þeim sérstöku samsetningu(m) í tegundahönnuninni sem breytingin er grundvölluð á.'

22. atriði 21A.101 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.101 Tilgreining á gildandi vottunarforskriftum og kröfum vegna umhverfisverndar-sjónarmiða**

- (a) Umsækjandi um breytingar á tegundavottorði skal sýna fram á að hin breytta framleiðsla sýni fylgni við viðeigandi vottunarforskriftir fyrir hina breyttu framleiðslu sem eru í gildi á þeim degi sem umsóknin er lögð fram, og við viðeigandi umhverfisverndarkröfur sem tilgreindar eru í 21A.18.
- (b) Með undanþágu frá málsgrein (a), getur umsækjandi sýnt fram á að hin breytta framleiðsla sýni fylgni við fyrri breytingu á vottunarforskriftunum sem skilgreindar eru í málsgrein (a), og við sérhverjar aðrar vottunarforskriftir sem stofnunin telur vera beinlínis tengdar framleiðslunni. Hins vegar geta þær vottunarforskriftir, sem áður var breytt, ekki komið fyrir en samsvarandi vottunarforskriftir sem innifaldar eru með vísan í tegundavottorðið. Umsækjandi má sýna fylgni við fyrri breytingu á vottunarforskriftunum fyrir eftirfarandi:
1. Breytingu sem stofnunin telur ekki vera umtalsverða. Þegar ákvarðað er hvort sérstök breyting sé umtalsverð, hugar stofnunin að breytingunni í samhengi við allar fyrri viðkomandi hönnunarbreytingar og allar tengdar endurskoðanir á viðeigandi vottunarforskriftum sem innifaldar eru í tegundavottorði framleiðslunnar. Breytingar sem uppfylla eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum teljast sjálfkrafa vera umtalsverðar:
    - (i) Almenn samsetning eða grundvallarlögmál framleiðslunnar haldast ekki;
    - (ii) Forsendur sem notaðar eru fyrir vottun framleiðslunnar, sem breyta á, haldast ekki í gildi.
  2. Sérhvert svið, kerfi, hlut eða tæki sem stofnunin sér að breytingin hefur ekki áhrif á.
  3. Sérhvert svið, kerfi, hlut eða tæki sem breytingin hefur áhrif á, þar sem stofnunin telur að fylgni við vottunarforskriftirnar, sem lýst er í málsgrein (a) myndi ekki hafa tiltakanleg áhrif á öryggisstig hinnar breyttu framleiðslu eða væri óhagkvæm.
- (c) Umsækjandi um breytingu á loftfari (öðru en þyrilknúinni vél) sem er 2.722 kg (6.000 pund) eða minna að hámarksþyngd eða á þyrilknúinni vél (sem ekki hefur hverfil) að hámarki 1.361 kg (3.000 pund) eða minna, má sýna að hin breytta framleiðsla sýni fylgni við tegundavottunargrunninn sem er innifalinn með vísun í tegundavottorðinu. Hins vegar, ef stofnunin telur breytinguna vera umtalsverða á ákveðnu sviði, getur hún tilgreint fylgni með breytingu á tegundavottorðagrunninum sem innifalinn er með vísun í tegundavottorðið sem í gildi á þeim degi, er umsóknin er lögð inn, og sérhverja vottunarforskrift sem stofnunin telur vera beinlínis tengda, nema stofnunin telji að fylgni við þá breytingu eða vottunarforskrift myndi ekki hafa tiltakanleg áhrif á öryggisstigið í breyttu framleiðslunni eða væri óhagkvæm.
- (d) Ef stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að vottunarforskriftir, sem í gildi eru á þeim degi, er umsóknin um breytingu er lögð fram, uppfylli ekki viðeigandi staðla með tilliti til tillögðu breytinganna, skal umsækjandi einnig sýna fylgni við sérhver sérstök skilyrði, og viðbætur við þau sérstöku skilyrði, sem sagt er fyrir um í ákvæðum 21A.16B, þannig að tryggt sé öryggisstig sem er jafngilt því sem vottunarforskriftirnar segja til um, sem eru í gildi á þeim degi er umsóknin um breytingu er lögð fram.

- (e) Umsókn um breytingu á tegundavottorði fyrir stórar flugvélar og stórar þyrilknúnar vélar er í gildi í fimm ár, og umsókn um breytingu á sérhverju öðru tegundavottorði er í gildi í þrjú ár. Í tilvikum þar sem breytingin hefur ekki verið samþykkt, eða ljóst er að hún verður ekki samþykkt innan þeirra tímamarka sem þessi undirmálgrein segir fyrir um, getur umsækjandinn:
1. Lagt inn nýja umsókn um breytingu á tegundavottorði og farið að öllum kröfum samkvæmt málgrein (a) í samræmi við upprunalegu umsóknina um breytingu; eða
  2. Sótt um framlengingu á upprunalegu umsókninni og farið að ákvæðum málgreinar (a) sem eiga við á dagsetningu umsóknarinnar, sem valin er af umsækjanda, þó ekki fyrr en dagsetningin sem er á undan dagsetningu samþykktarinnar fyrir breytingunni samkvæmt tímamörkum sem kveðið er á um í þessari undirmálgrein fyrir hina upprunalegu umsókn.
- (f) Þegar umsóknin um breytingu á tegundavottorði fyrir loftfar inniheldur, eða við hana er bætt breytingum á rekstrarhæfisgögnum eftir upphaflegu umsóknina, skal vottunargrunnur rekstrarhæfisgagna vera auðkenndur í samræmi við atriði (a) til (d) hér að ofan.'

23. atriði 21A.103 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.103 Útgáfa samþykkis**

- (a) Umsækjandi skal hafa rétt á að fá meiriháttar breytingu á tegundavottorði samþykkt af stofnuninni eftir að hafa:
1. Skilað inn yfirlýsingunni sem vísað er til í 21A.97(a)(3); og
  2. Sýnt er fram á að:
    - (i) Hin breytta framleiðsla uppfylli viðeigandi vottunarforskriftir og umhverfisverndarkröfur, eins og tilgreint er í 21A.101;
    - (ii) Bætt sé upp fyrir öll lofthæfisákvæði sem ekki er farið að með þáttum sem veita samskonar öryggisstig; og
    - (iii) Engin sérkenni eða eiginleikar geri það óöruggt fyrir notkunina sem vottunin er ætluð til.
  3. Hvað varðar breytingar sem hafa áhrif á rekstrarhæfisgögnin, sé sýnt fram á að nauðsynlegar breytingar á rekstrarhæfisgögnunum uppfylli staðla í vottunargrunni rekstrarhæfisgagna, sem tilgreindir eru í samræmi við 21A.101(f).
  4. Með undanþágu frá atriði 3, má samþykkja meiriháttar breytingu á tegundavottorði fyrir loftfar áður en sýnt hefur verið fram á fylgni við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna. Í því tilviki skal gildi samþykkisins bundið því að umsækjandi sýni fylgni við vottunargrunn rekstrarhæfisgagna áður en þjálfunarstofnun eða flugrekandi í Evrópusambandinu verða að nota þau gögn. Með undanþágu frá 21A.97 skal yfirlýsingin, sem vísað er til í atriði 1, tilgreina dagsetninguna þegar þarf að vera búið að sýna fram á fylgni.
- (b) Minniháttar breyting á tegundavottorði skal einungis samþykkt í samræmi við 21A.95, ef sýnt er fram á að hin breytta framleiðsla uppfylli viðeigandi vottunarforskriftir, eins og þær eru tilgreindar í 21A.101.'

24. atriði 21A.105 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.105 Skráning**

Fyrir hverja breytingu skulu allar viðeigandi hönnunarupplýsingar, teikningar og prófanaskýrslur, þar á meðal skoðunarskýrslur fyrir framleiðsluna sem er skoðuð, vera í förum handhafa og aðgengileg fyrir stofnunina. Upplýsingunum skal haldið til að hægt sé að veita upplýsingar sem eiga að tryggja áframhaldandi lofthæfi, áframhaldandi gildi rekstrarhæfisgagna og fylgni við viðeigandi umhverfisverndarkröfur hinnar breyttu framleiðslu.'

25. í atriði 21A.107, er atriði (a) skipt út fyrir eftirfarandi:

(a) Handhafi samþykkis fyrir minniháttar breytingu á tegundavottorði skal leggja fram að minnsta kosti eitt sett af tengdum afbrigðum, ef nokkur eru, við leiðbeiningarnar fyrir áframhaldandi lofthæfi framleiðslunnar, sem gera á minniháttar breytingu á. Þau skulu útbúin í samræmi við viðeigandi tegundavottunargrunn og lögð fram til sérhvers þekkts eiganda að einu eða fleiru loftfari, vél, eða hreyfli sem breytingin er gerð á. Þau skulu lögð fram við afhendingu, eða við útgáfu fyrsta lofthæfisvottorðsins fyrir viðkomandi loftfar, hvort sem er síðar, og eftir það gera þau afbrigði í leiðbeiningum tiltæk, ef beðið er um þær, fyrir sérhvern annan aðila, sem þarf að sýna fylgni við eitthvert af skilyrðunum í þessum leiðbeiningum.

26. eftirfarandi atriði 21A.108 er bætt við:

**21A.108 Aðgengi að rekstrarhæfisgögnum**

Ef að breyting hefur áhrif á rekstrarhæfisgögnin, skal handhafi samþykkis fyrir minniháttar breytingu hafa tiltæk:

- (a) að minnsta kosti eitt sett af breytingum á rekstrarhæfisgögnum sem útbúin eru í samræmi við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna, fyrir alla þekkta flugrekendur breytta loftfarsins í Evrópusambandinu, áður en þjálfunarstofnun eða flugrekandi í Evrópusambandinu þurfa að nota rekstrarhæfisgögnin; og
- (b) allar frekari breytingar á viðkomandi rekstrarhæfisgögnunum fyrir alla þekkta flugrekendur breytta loftfarsins í Evrópusambandinu; og
- (c) ef beðið er um, viðeigandi hluta breytinga í (a) og (b) að ofan, fyrir:
  - 1. lögbært stjórnvald sem ber ábyrgð á að sannreyna fylgni við einn eða fleiri þætti í þessu setti af breyttum rekstrarhæfisgögnum; og
  - 2. sérhvern einstakling sem þarf að sýna fylgni við einn eða fleiri þætti í þessu setti af rekstrarhæfisgögnum.'

27. atriði 21A.109 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.109 Skyldur og EPA-merking**

Handhafi samþykkis fyrir minniháttar breytingu á tegundavottorði skal:

- (a) fylgja skyldum, sem tilgreindar eru í 21A.4, 21A.105, 21A.107 og 21A.108; og
- (b) tilgreina merkingarnar, þ.á.m. EPA- skjölin (e. European Part Approval - EPA), í samræmi við 21A.804(a).'

28. atriði 21A.111 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **'21A.111 Umfang**

Þessi undirliður kveður á um ferlið fyrir samþykkt meiriháttar breytinga á tegundavottorðum samkvæmt viðbótarferlum fyrir tegundavottorð og kveður á um réttindi og skyldur umsækjenda um, og handhafa þessara samþykktu.'

29. í atriði 21A.113, er atriði (b) skipt út fyrir eftirfarandi:

'(b) Umsókn um viðbótagundavottorð skal innihalda lýsingu, auðkenningu og breytingar á rekstrarhæfisgögnunum, sem krafist er samkvæmt 21A.93. Auk þess skal slík umsókn innihalda réttlætingu sem sýnir að upplýsingarnar, sem auðkenningarnar byggja á, séu hæfilegar, annað hvort með gögnum frá umsækjanda, eða með fyrirkomulagi í samráði við handhafa tegundavottorðsins.'

30. í atriði 21A.118A, er atriði (a)1 skipt út fyrir eftirfarandi:

'1. Sem mælt er fyrir um í 21A.3, 21A.3B, 21A.4, 21A.105, 21A.119, 21A.120A og 21A.120B;'

31. atriði 21A.119 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **'21A.119 Handbækur**

Handhafi viðbótagundavottorðs skal útbúa, viðhalda og uppfæra frumeintök af afbrigðum í handbókum sem krafist er í viðeigandi tegundavottunargrunni, viðeigandi vottunargrunni rekstrarhæfisgagna og umhverfisverndarkröfum fyrir framleiðsluna, sem nauðsynleg eru til að ná yfir breytingar samkvæmt viðbótagundavottorðinu, og leggja fram eintök af þessum handbókum til stofnunarinnar, þegar farið er fram á það.'

32. titli á atriði 21A.120 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **'21A.120A Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi'**

33. eftirfarandi atriði 21A.120B er bætt við:

### **'21A.120B Aðgengi að rekstrarhæfisgögnum**

Ef að breyting hefur áhrif á rekstrarhæfisgögnin, skal handhafi viðbótagundavottorðs hafa tiltæk:

- (a) að minnsta kosti eitt sett af breytingum á rekstrarhæfisgögnum sem útbúin eru í samræmi við viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna, fyrir alla þekkta flugrekendur breytta loftfarsins í Evrópusambandinu, áður en þjálfunarstofnun eða flugrekandi í Evrópusambandinu þurfa að nota rekstrarhæfisgögnin; og
- (b) allar frekari breytingar á viðkomandi rekstrarhæfisgögnunum fyrir alla þekkta flugrekendur breytta loftfarsins í Evrópusambandinu; og
- (c) ef beðið er um, viðeigandi hluta breytinga í (a) og (b) að ofan, fyrir:
  1. lögbært stjórnvald sem ber ábyrgð á að sannreyna fylgni við einn eða fleiri þætti í þessu setti af breyttum rekstrarhæfisgögnum; og
  2. sérhvern einstakling sem þarf að sýna fylgni við einn eða fleiri þætti í þessu setti af rekstrarhæfisgögnum.'

34. í atriði 21A.239, er atriði (a)1 skipt út fyrir eftirfarandi:

'1. Til að tryggja að hönnun framleiðslunnar, íhlutir og tæki, eða hönnunarbreytingar, sýni fylgni við viðeigandi tegundavottunargrunn, viðeigandi vottunargrunn rekstrarhæfisgagna og umhverfisverndarkröfur; og'

35. í atriði 21A.245, er atriðum (a) og (b) skipt út fyrir eftirfarandi:

- ‘(a) Starfsfólk í öllum tæknideildum er nægilega margt og hefur nægilega reynslu og hefur fengið viðeigandi umboð til að sinna úthlutuðum skyldum sínum og að þetta, ásamt aðbúnaði, starfsstöðvum og búnaði, sé nægilegt til að starfsfólkið geti tryggt lofthæfi, rekstrarhæfi og umhverfisverndarmarkmið fyrir framleiðsluna.
- (b) Ítarlegt og skilvirkt samráð fer fram milli deilda og innan deilda í tengslum við lofthæfi, rekstrarhæfi og umhverfisverndarefni.’

36. atriði 21A.247 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.247 Breytingar á hönnunartryggingarkerfi**

Eftir að samþykki hönnunarstofnunar liggur fyrir, skal stofnunin samþykkja hverja breytingu á hönnunartryggingarkerfinu sem hefur umtalsverð áhrif á fylgni eða lofthæfi, rekstrarhæfi og umhverfisverndareiginleika framleiðslunnar. Umsókn um samþykki skal leggja fram með skriflegum hætti til stofnunarinnar og hönnunarstofnunin skal sýna stofnuninni fram á að hún muni áfram sýna fylgni við þennan undirlið eftir innleiðinguna, á grundvelli framlagðra og tillagðra breytinga á handbókinni, og áður en innleiðing fer fram.'

37. atriði 21A.251 er skipt út fyrir eftirfarandi:

**'21A.251 Skilyrði fyrir samþykki**

Í skilyrðum fyrir samþykki skal tilgreint af hvaða tegund hönnunarvinnan er, framleiðsluflokkar, flokkar íhluta og tækja sem hönnunarstofnunin hefur samþykki hönnunarstofnunar fyrir, og verkefni og skyldur samkvæmt leyfi hönnunarstofnunar í tengslum við lofthæfi, rekstrarhæfi, og eiginleika tengda hljóði, eldsneytislosun og útblæstri framleiðslunnar. Fyrir samþykki hönnunarstofnunar sem nær yfir tegundavottun eða ETSO-leyfi fyrir aukaafstöð (e. Auxiliary Power Unit - APU), skal í skilyrðunum fyrir samþykkinu einnig vera tilgreind listi yfir framleiðslu eða APU. Þessi skilyrði skulu útgefin sem hluti af samþykki hönnunarstofnunarinnar.'

38. í atriði 21A.263, er atriði (c) skipt út fyrir eftirfarandi:

- ‘(c) Handhafi leyfis fyrir hönnunarstofnun skal, innan þess ramma sem settur er í leyfinu og samkvæmt viðeigandi ferlum í hönnunartryggingakerfinu, hafa leyfi til að:
  1. flokka breytingar á tegundavottorðinu og viðgerðum í 'meiriháttar' og 'minniháttar’.
  2. samþykkja minniháttar breytingar á tegundavottorði og minniháttar viðgerðir.’

39. eftirfarandi atriði 21B.70 er bætt við:

**'21B.70 Samþykki fyrir breytingum á tegundavottorðum**

Samþykki fyrir breytingum á rekstrarhæfisgögnum er innifalið í samþykki fyrir breytingum á tegundavottorðinu. Hins vegar skal stofnunin nota sérstakt flokkunar- og samþykktarferli fyrir breytingar á rekstrarhæfisgögnum.'